

## Hreppsnefnd Akrahrepps: Fundargerð 01.04.2020

20. fundur 2018 – 2022

Fundarstaður: Fjarfundur gegnum Microsoft Teams fjarfundakerfið og hófst fundur klukkan 16.

Fundinn sátu: Einar Gunnarsson, Drífa Árnadóttir, Eyþór Einarsson, Þorkell Gíslason og Hrefna Jóhannesdóttir.

### Fundargerð:

#### 1. Tímabundin heimild til að víkja frá ákvæðum sveitarstjórnarlaga vegna neyðarstigs almannavarna

Þriðjudaginn 17. mars, samþykkti Alþingi breytingar á sveitarstjórnarlögum sem ætlað er að skapa sveitarfélögum svigrúm til að bregðast við neyðarástandi og tryggja að sveitarstjórnir verði starfhæfar. Breytingarnar kveða á um að ráðherra geti veitt sveitarstjórnnum tímabundna heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga til að sveitarstjórn sé starfhæf við neyðarástand og til að auðvelda ákvarðanatöku. Þetta er gert til að bregðast við aðstæðum sem hafa skapast vegna Covid-19 kórónaveirufaraldursins. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir að rétt þyki að rýmka reglur um fjarfundi til að bregðast við tilmælum yfirvalda um sóttvarnir, án þess að það torveldi ákvarðanatöku innan stjórnkerfis sveitarfélaga.

Lögð fram svohljóðandi tillaga um heimild til að nota fjarfundabúnað á fundum hreppsnefndar Akrahrepps og annarra nefnda sveitarfélagsins:

*Hreppsnefnd samþykkir, til að tryggja starfhæfi sitt og til að auðvelda ákvarðanatöku við stjórn Akrahrepps, að nota fjarfundarbúnað á fundum hreppsnefndar og fastanefnda sveitarfélagsins og engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum hreppsnefndar og nefndum hreppsins í fjarfundarbúnaði.*

*Jafnframt samþykkir hreppsnefnd að ritun fundargerða fari fram með öðrum hætti en mælt er fyrir um í leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins, um ritun fundargerða, nr. 22/2013. Fundargerð skal deilt með öllum fundarmönnum á skjá í lok fundar og lesin yfir.*

*Fundargerð verður send til fundarmanna til staðfestingar með tölvupósti eftir fundinn.*

*Ákvörðun þessi gildir til 18. júlí 2020 skv. auglýsingu ráðherra, nema hreppsnefnd ákveði að afnema ákvörðunina fyrr.*

#### 2. Viðbrögð við heimsfaraldri – COVID-19

Viðbrögð Akrahrepps vegna COVID-19

Heimild til breytinga á innheimtu gjalda:

*Vegna þeirra raskana sem orðið hafa á þjónustu vegna COVID-19 veirunnar, mun greiðsluhlutdeild einungis ná til þeirrar þjónustu sem raunverulega er nýtt í þjónustu stofnana sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps, þ.e. leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla, frístund og dagdvöl aldraðra, og verður innheimta þjónustunnar*

*endurskoðuð í því ljósi. Skal sú tilhögun hefjast frá og með þeim tíma sem þjónusta var skert vegna COVID-19 veirunnar en um er að ræða tímabundna ákvörðun sem gildir til loka maí nk. Endurskoðun fer fram að teknu tilliti til aðstæðna og verður fyrirkomulagið auglýst að nýju eigi síðar en 15. maí nk.*

*Þeir greiðendur sem sannanlega hafa nú þegar orðið fyrir tekjumissi vegna covid-19 geta sótt um það til oddvita að fá frest á greiðslu fasteignagjalda með gjalddaga 31. mars, 30. apríl og 31. maí.*

*Hreppsnefnd felur oddvita heimild til fullnaðarafgreiðslu skv. ofangreindu.*

*Hreppsnefnd vinnur að frekari tillögum til að bregðast við aðstæðum vegna Covid-19 í samvinnu við Samband íslenskra Sveitarfélaga og SSNV.*

### **3. Fundargerðir lagðar fram til kynningar**

- Fundargerðir Markaðsstofu Norðurlands 16. og 18. mars 2020.
- Fundargerð 53. fundar stjórnar SSNV, 3. mars 2020.
- Fundargerðir 879. og 880. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### **4. Erindi frá Félagi Ferðaþjónustunnar.**

Stjórn Félags ferðaþjónustunnar í Skagafirði lýsir yfir þungum áhyggjum vegna áhrifa COVID-19 heimsfaraldursins á ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu en fyrirtækin sjá fram á tekjulausa mánuði í mars – maí og jafnvel lengur. Félagið leitar til Akrahrepps eftir úrræðum til að hjálpa ferðaþjónustufyrirtækjum í hreppnum til að komast í gegnum næstu mánuðina svo semmeð niðurfellingu/lækkun á fastakostnaði til hreppsins.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða heimild til þess að næstu þremur gjalddögum fasteignagjalda hjá ferðaþjónustufyrirtækjum verði færðir aftur fyrir síðustu gjalddaga til að létta undir rekstri þeirra fram á haust að því gefnu að aðilar sækist eftir slíku. Þá er til skoðunar hvort sveitarfélagið komi með auknum hætti að eflingu ferðaþjónustu í Akrahreppi með tilliti til þeirra aðstæðna sem skapast hafa vegna COVID-19 heimsfaraldursins.*

### **5. Sameining sveitarfélaga – erindi frá sameiningarnefnd A – Húnavatnssýslu – frestað frá síðasta fundi.**

Erindi dagssett 2. mars 2020 frá sameiningarnefnd sveitarfélaganna í A-Húnavatnssýslu þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn Akrahrepps taki afstöðu til þess hvort þau hafi áhuga á þátttöku í sameiningarviðræðum með svf. í A-Hún. Samrit sent til Húnaþings vestra og Svf. Skagafjarðar.

*Hreppsnefnd Akrahrepps þakkar erindið en hefur ákveðið að hafna boðinu og óskar Austur Húnavetningum góðs gengis í þeim sameiningarviðræðum sem framundan eru.*

### **6. Erindi varðandi nafnbreytingu á fasteign í Akrahreppi.**

Eigendur fasteignarinnar Kringlumýri 2, F2503871 / L227938 óska eftir samþykki hreppsnefndar Akrahrepps á nafnbreytingu téðrar fasteignar. Nýtt nafn sem óskast samþykkt er Glóðeyri.

*Hreppsnefnd samþykkir nafnbreytinguna.*

## 7. Forgangsverkefni áfangastaðaáætlunar á Norðurlandi

Sveitarfélög og ferðamálafélög á Norðurlandi eiga að senda inn Topp 5 lista fyrir verkefni sem svf. meta sem mikilvæg fyrir uppbyggingu á ferðaþjónustu á viðkomandi svæði. Áður auglýstum skilafresti á tillögum þann 31. mars hefur verið frestað til 1. júní 2020.

## 8. Önnur mál

28. ársþingi SSSNV sem fyrirhugað var að halda 17. og 18. apríl hefur verið frestað um óákveðinn tíma. Ákvörðunin verður endurmetin í tengslum við ákvarðanir um samkomubann.

Skýrsla oddvita, sem gerði grein fyrir helstu verkefnum frá síðasta fundi hreppsnefndar.

Engin fleiri mál og fundi slitið klukkan 17.57.

---

Hrefna Jóhannesdóttir

---

Eyþór Einarsson

---

Einar Gunnarsson

---

Þorkell Gíslason

---

Drífa Árnadóttir